

14. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017

Miðvikudaginn 22. febrúar kl. 18.00 var haldinn 14. fundur stjórnar Hundaræktarfélag Íslands. Fundur sem boðað hafði verið til 6. febrúar sl. féll niður vegna þess að formaður fótbrotnaði. Fundurinn var haldinn á heimili Herdísar Hallmarsdóttur, formanns.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Þorsteinn Thorsteinson gjaldkeri, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Pétur Alan Guðmundsson meðstjórnandi og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Lögð var fram fundargerð 13. fundar og var hún samþykkt og staðfest með undirritun fundarmanna þess funda.

1. Reglur um stofnun og starf ræktunardeilda

Stjórn hefur undanfarin misseri unnið að breytingum á reglum um stofnun og starf ræktunardeilda. Stjórn boðaði laganefnd á sinn fund 20. september 2016 og óskaði eftir að nefndin skoðaði nýjustu tillögur að breytingum á starfsreglum ræktunardeilda og kannaði það með stjórn hvort nauðsynlegt væri að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum félagsins í sambandi við þá vinnu. Laganefnd fór yfir tillögur og setti fram ábendingar með nokkrum breytingum, auk þess sem hún setti fram spurningar um atriði sem hún taldi óljós. Stjórn fór yfir tillögurnar og athugasemdirnar og ræddi hvert atriði og komst að niðurstöðu. Formanni var falið að senda nýjar breytingar á stjórn til samræmis við niðurstöðu fundarins.

Þá setti nefndin fram tillögu að breytingu á kafla í lögum HRFÍ um ræktunardeildir. Þar er áréttað í 19. gr. að ræktunardeild verði sett á stofn með samþykki félagsfundar skv. 21. gr. Í öðru lagi er lagt til að áður en ræktunardeild er stofnuð skuli kallað eftir sjónarmiðum félagsmanna, sbr. nýr málslíður við 21. gr. Í þriðja lagi er lagt til að sú skylda verði lögð á stjórn HRFÍ að gera tillögu til félagsfundar um að leggja niður ræktunardeild hafi hún ekki sinnt skyldum sínum um ársfund og gagnaskil þrjú ár í röð, en af slíku verður að draga þá ályktun að deildin sé óvirk.

Stjórn gerði smávægilegar breytingar á lagafrumvarpinu og var formanni falið að klára þær en að fenginni staðfestingu yrði hún auglýst strax þegar frestur til framlagningar frumvarpa væri liðinn.

2. Stofnun úrskurðarnefndar

Eitt af þeim atriðum sem stjórn óskaði eftir að laganefnd skoðaði og gerði tillögu um var hvort stofna ætti úrskurðarnefnd innan HRFÍ til að fjalla um ágreining vegna viðskipta um ættbókarfærða hunda. Laganefnd sendi stjórn tillögu sem studdist við ákvæði um sambærilega nefnd hjá DKK. Fram til þessa hefur ekki verið vettvangur fyrir að greiða úr ágreiningi sem rís vegna viðskipta með hunda en að sama skapi skiptir verulegu máli fyrir orðspor félagsins að viðskipti ræktenda séu til samræmis við góða og eðlilega viðskiptahætti sem og grundvallargildi HRFÍ. Með því að slíkri nefnd sé komið á fót geta ákvarðanir hennar orðið fordæmisgefandi fyrir félagsmenn og komið í veg fyrir deilur vegna viðskipta með ættbókarfærða hunda þar sem leiðbeiningar megi sækja í ákvarðanir nefndarinnar. Stjórn samþykkti frumvarpið sem var í góðu samræmi við upphaflegar tillögur sem bornar voru undir laganefnd. Þá verður beðið með vinnu við að útfæra málsmeðferðarreglur þar til niðurstaða fæst hvort frumvarpið verði að lögum á aðalfundi félagsins.

3. Umboðsmaður

Að síðustu var laganefnd beðin um að skoða stofnun umboðsmanns félagsmanna sem leita mætti til ef gengið væri á rétt þeirra. Í upphaflegum tillögum var einkum horft til þeirra sem sinntu trúnaðar- eða sjálfboðaliðastörfum fyrir félagið. Laganefnd fundaði nokkrum sinnum um tillögur stjórnar og gerði tillögu um að stjórn skipi sérstakan umboðsmann til tveggja ára í senn sem ætlað sé að gæta þess að ekki sé gengið á rétt félagsmanna skv. lögum HRFÍ eða grundvallarreglum fyrir félagsmenn. Laganefnd taldi æskilegt að umboðsmaður hefði almenn hlutverk, þ.e. gætti hagsmuna allra félagsmanna frekar en eingöngu þeirra sem gegna trúnaðar- eða sjálfboðaliðastörfum. Stjórn er sammála þeirri nálgun. Framkvæmdin er hugsuð þannig að þegar umboðsmaður telur tilefni til getur hann átt samtal við þann sem hann telur hafa gengið gegn framangreindum rétti og er þess vænst að flestum málum ljúki á þann hátt og að samtal frá umboðsmanni nægi til þess að látið sé af háttsemi eða úrbætur gerðar, t.d. sett fram afsökunarbeiðni. Umboðsmanni er ekki ætlað að taka við starfi síðanefndar félagsins enda er honum ætlað að fara með mál fyrir síðanefnd ef hann

metur mál gróft eða að um sé að ræða ítrekuð brot. Það er þá siðanefnd sem hefur lokaorð um hvort um hafi verið að ræða brot. Formanni var falið að semja greinargerð með frumvarpinu og senda stjórn sem samþykkja myndi efni þess á tölvupósti.

4. Önnur lagafrumvörp

Stjórn samþykkti ábendingu Klöru Símonardóttur að leggja til að skila þurfi ársreikningi félagsins til endurskoðanda fyrir lok mars en í gildandi lögum er gert ráð fyrir að skila eigi ársreikningi fyrir lok janúar. Núgildandi tímamörk eru óraunhæf eins og fram kemur í greinargerð með lagabreytingatillögunni.

5. Umsóknir um veiðipróf

Ný umsókn DESÍ sem barst stjórn 30. janúar sl. er að hluta til með breyttum dagsetningum sem riðlar heildardagskrá veiðiprófa tegundahóps 7 með tilliti til skráningarfrests meðal annars.

Þá er heiðarprófum ekki fækkað eins og rætt hafði verið á fundi stjórnar 17. janúar. Á fundinum hafði verið rætt um að fækka prófdögum heiðarprófa um tvo daga en í nýrri umsókn er aðeins búið að fækka þeim um einn dag. Einnig var rætt um að fækka um eitt sóknarpróf en fjöldi þeirra í umsókninni er enn óbreyttur.

Vegna framkominna breytinga og áhyggja stjórnar af þéttri dagskrá um haustið var ákveðið að umsóknin yrði send til veiðiprófanefndar til umsagnar að nýju eins og áskilið er í veiðiprófareglum í tegundahópi 7. Stjórnir Vorsteh- og Fuglahundadeildar mönnuðu nýverið veiðiprófanefnd en vonandi verður hægt að afgreiða umsögnina hratt og vel.

Á meðan að beðið er eftir umsögn veiðiprófanefndar mun verkefnastjóra falið að óska eftir úrbótum á efni umsóknarinnar og fylgigögnum að öðru leyti.

Þegar umsögn nefndarinnar liggur fyrir er stjórn HRFÍ reiðubúin að afgreiða hana með tölvupóstssamskiptum til að flýta fyrir afgreiðslu hennar eins og hægt er.

6. Breytingatillögur deilda í tegundahópi 7 (utan Írsk setterdeildar) á verklags- og siðareglum veiðiprófsdómara HRFÍ innan tegundahóps 7

Breytingatillögurnar bárust stjórn 6. febrúar sl. Stjórn fór yfir tillögurnar.

Tillögur um breytingar eru minniháttar og er það fagnaðarefni. Samkvæmt því hlýtur að vera breið sátt um efni siðareglanna. Guðbjörgu var falið að hitta hópinn og fara yfir þessar tillögur í samræmi við umræður stjórnar og að koma með fullmótaðar tillögur til baka sem hægt væri að afgreiða.

7. Breytingatillögur deilda í tegundahópi 7 (utan Írsk setterdeildar) á reglum um dómarráð.

Breytingatillögurnar bárust stjórn 6. febrúar sl. og fór stjórn fór yfir tillögurnar.

Guðbjörgu var falið að hitta fulltrúa tegundahóps 7 og koma með endanlega tillögu til stjórnar í samræmi við umræður og að fengnu samráði við deildirnar.

8. Umsókn Retrieverdeildar um tvö vinnupróf sumarið 2017

Stjórn samþykkir umsóknina.

9. Erindi varðandi ættbókarskráningu

Erindi var sent stjórn varðandi rétt til afhendingar ættbókar á hvolpi sem viðkomandi hafði keypt. Stjórn var sammála um að benda viðkomandi á að senda erindi til siðanefndar og leiðbeina viðkomandi um að reynt gæti á grundvallarreglur félagsmanna, ákvæði 4.2 og 3.7.

10. Erindi sýningastjórnar varðandi veitingu nýs titils á Norðurljósasýningu

Porsteinn gerði nánar grein fyrir efni erindisins. Stjórn samþykkir erindið eins og það var sett fram í tölvupósti Lilju Dóru Halldórsdóttur f.h. sýningastjórnar dagsettum 14. febrúar sl.

11. Erindi félagsmanns varðandi tengilið í Fjár- og hjarðhundadeild HRFÍ sem og umkvartanir starfsmanns Garðheima varðandi samskipti við þann tengilið

Stjórn var sammála því að erindið ætti heima hjá stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar enda tilnefndi stjórnin tengiliði og bæri ábyrgð á störfum þeirra. Erindið hafði verið sent stjórn í ljósi tengsla tengiliðs við stjórnarmeðlim og var af þeirri ástæðu ákveðið að benda ræktunarstjórn á hæfisreglur félagsins sem eiga að tryggja málefnalega

meðferð mála og vekja traust hjá þeim sem til félagsins leita að þau fái réttláta málsmeðferð. Í ljósi þess að starfsmaður Garðheima kvartaði einnig undan samskiptum sínum við tengiliðinn við skrifstofu var talið rétt að fá samþykki hans fyrir því að senda þær upplýsingar til Fjár- og hjarðhundadeildar.

12. Erindi frá Stefaníu Björgvinsdóttur varðandi dómarnám í hundafimi

Stjórn fagnar áhuga Stefaníu á dómarnámi í hundafimi. Skoða þarf hvernig slíkt nám hefur verið áður og var Guðnýju falið að skoða það.

13. Erindi frá félagsmönnum í DÍF varðandi afgreiðslu máls hjá Siðanefnd og stjórn DÍF

Siðanefnd sækir vald sitt til félagsfundar og lýtur ekki boðvaldi stjórnar HRFÍ. Er því ekki rétt að stjórn hafi afskipti af meðferð einstakra mála hjá siðanefnd. Hins vegar þykir stjórn rétt að óska eftir að fá skýringar hjá stjórn DÍF til upplýsinga á málinu.

14. Dómararáð tegundahóps 7

Stjórn móttók fyrstu fundargerð dómararáðs HRFÍ fyrir tegundahóp 7 á þessu starfsári.

Fundið slitið kl. 21.30. Næsti fundur boðaður mánudaginn 20. mars kl. 18.00.